Umsókn um styrk til sveitarfélaga í þágu farsældar barna

Mennta- og barnamálaráðneytið / 13.10.2026
20:16

Um úthlutunina

Mennta- og barnamálaráðuneytið auglýsir eftir umsóknum frá sveitarfélögum um styrki til verkefna sem miða að því að efla farsæld barna. Styrkirnir eru veittir til verkefna sem stuðla að bættri þjónustu og velferð barna, þar á meðal á sviði menntunar, frístundastarfs, forvarna, samfélagslegrar virkni og ráðgjafar og stuðnings við börn og fjölskyldur þeirra. Sérstök áhersla er lögð á verkefni sem er ætlað að sporna við þróun í átt að auknu ofbeldi meðal barna.

Umsækjandi (sveitarfélag)

Nafn (sveitarfélag)	Sveitarfélagið Hornafjörður
Kennitala (sveitarfélag)	5901694639
Netfang (sveitarfélag)	velferd@hornafjordur.is

Tengiliður vegna styrkumsóknar

Nafn tengiliðs	Skúli Ingibergur Þórarinsson
Netfang tengiliðs	skuliing@hornafjordur.is

Upplýsingar um samstarfsaðila (ef við á)

Nafn samstarfsaðila	
Kennitala samstarfsaðila	
Netfang samstarfsaðilia	

Reikningsupplýsingar umsækjenda

Kennitala reikningseiganda	590169-4639
Banki	0169
Höfuðbók	26
Reikningur	85

Mótframlag umsóknaraðila

Er sótt um styrki vegna verkefnisins til annarra?	Nei
Ef já, til hvaða annarra aðila er sótt um styrk?	
Hefur verkefnið þegar hlotið styrk frá öðrum aðilum?	Nei
Ef já, hverjir hafa veitt verkefninu styrk?	

Verkefni

Heiti verkefnisins	Örugg saman
Sótt er um styrk að fjárhæð	15.204.000 kr.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að tryggja öryggi, vellíðan og farsæld allra barna og ungmenna í Hornafirði. Á yngra stigi, frá leikskóla í 6. bekk, er lögð áhersla á aukna félagsfærni, forvarnir og samræmd viðbrögð gegn einelti og ofbeldi í skóla og frístund. Á eldra stigi, í 7.–10. bekk og FAS, er unnið að bættu geðheilbrigði, heilnæmari símanotkun og betri svefnvenjum. Með samstilltu átaki skóla, félagsstarfs, barnaverndar, heilsugæslu og samfélagslögreglu er fest í sessi varanlegt og faglegt verklag

Stutt lýsing á verkefninu

Verkefnið „Örugg saman í Hornafirði“ er tveggja ára heildstætt forvarnar-, fræðslu- og viðbragðsátak sem miðar að því að tryggja öryggi, vellíðan og farsæld allra barna og ungmenna í Sveitarfélaginu Hornafirði frá leikskólaaldri upp í 18 ára aldur. Í sveitarfélaginu búa um 2.500 manns og vegna mikillar landfræðilegrar fjarlægðar frá sérfræðiþjónustu er brýnt að byggja upp öfluga staðbundna þekkingu, samræmt verklag og þverfaglega samvinnu sem grípur börn snemma.

Verkefnið byggir á skýrri aldursskiptingu aðgerða í samræmi við niðurstöður Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Á yngra stigi, sem nær frá elsta árgangi Leikskólans Sjónarhóls upp í 6. bekk Grunnskóla Hornafjarðar (Hafnarskóla), er þungamiðjan aukin félagsfærni, forvarnir og markviss vinna gegn einelti, félagslegri útilokun og ofbeldishegðun. Þar er byggt á innleiðingu Heillaspora, eflingu Vináttu frá Barnaheillum til að tryggja samfellu milli skólastiga, og sértæku umbótaverkefni um „Örugga frímínútu“ og bætt eftirlit í búningsklefum. Jafnframt er starfsemi frístundaheimilisins Kátakots og frístundaþjónusta við fötluð börn samþætt þessu verklagi til að tryggja öllum börnum öruggt umhverfi og jafna félagslega þátttöku.

Á eldra stigi, sem nær til nemenda í 7.–10. bekk í Heppuskóla og ungmenna á aldrinum 16–18 ára í Framhaldsskólanum í Austur-Skaftafellssýslu (FAS), beinast aðgerðir að geðheilbrigði, áhrifum símanotkunar og svefnvenjum. Íslenska æskulýðsrannsóknin sýnir vaxandi vanlíðan og svefnskort unglinga sem tengist miklum skjátíma. Þessu verður mætt með markvissri fræðslu og jákvæðu tómstundastarfi í félagsmiðstöðinni Þrykkjunni, FAS og grunnskólanum, í samstarfi við samfélagslögreglu og heilsugæslu.

Samfélagslögreglan hjá Lögreglunni á Suðurlandi er lykilsamstarfsaðili og kemur inn í skóla og félagsmiðstöð með forvörnum, traustvekjandi sýnileika, öryggisúttekt á vettvangi og fræðslu um persónuleg mörk, samþykki og stafrænt öryggi. Við einstaklingsbundinn stuðning og barnaverndarmál er beitt Signs of Safety til að virkja fjölskyldur í gerð öryggisáætlana, og starfsfólk er þjálfað í notkun spennulækkandi aðferða í samstarfi við Háskóla Íslands og KVAN.

Verkefninu er stýrt af innleiðingarleiðtoga í 50% starfshlutfalli í 24 mánuði undir handleiðslu stýrihóps t.d. með fulltrúum velferðarsviðs, skóla, frístundar, FAS, samfélagslögreglu og Heilbrigðisstofnunar Suðurlands. Á seinna ári vinnur leiðtoginn að heildstæðri lokaafurð, verklagshandbók um forvarnir, spennulækkandi aðferðir og samstarf stofnana, sem tryggir að nýir starfshættir festist í sessi í sveitarfélaginu og nýtist öðrum landshlutum.

Hlutverk samstarfsaðila, ef við á

Samstarfsaðilar mynda stýrihóp sem samræmir forvarnir og stuðning. Skólar og frístund (Kátakot, Þrykkjan og frístund fatlaðra) innleiða Heillaspor, Vináttu, öryggi og geðrækt í daglegu starfi. FAS tryggir samfellu til 18 ára aldurs. Samfélagslögreglan annast forvarnir, sýnileika og fræðslu um mörk og stafrænt öryggi. HSU velferðar- og barnaverndarþjónusta veita stuðnings, fræðslu, stuðla að geðrækt í gegnum verkfæri t.d. signs of safety. Utanaðkomandi aðilar annast faglega þjálfun starfsfólks

Hvernig verður árangur verkefnisins mældur?

Árangur verður metinn með kerfisbundnum hætti með því að horfa til niðurstaðna Íslensku æskulýðsrannsóknarinnar. Metin verður þróun eineltis, vellíðunar og öryggis á yngra stigi, sem og svefnvenjur, símanotkun, geðrænt heilbrigði og traust ungmenna til fagaðila og stofnanna á borð við samfélagslögreglu á eldra stigi og í FAS.

Jafnframt verður stuðst við samræmda atvikaskráningu í skóla og frístund (Kátakoti og Þrykkjunni) til að fylgjast með fækkun ofbeldisatvika. Þá er stefnt að því að allt starfsfólk ljúki færniþjálfun í spennulækkandi aðferðum og að staðfest verklagshandbók liggi fyrir í árslok 2028.

Lýsið hvernig verkefninu verður viðhaldið eftir að samningstímabilinu lýkur

Verkefninu er stýrt sem innleiðingarferli þar sem ný vinnubrögð eru samþætt fastri starfsemi sveitarfélagsins frá upphafi með það að markmiði að það verði sjálfbært. Í árslok 2028 lýkur hlutverki innleiðingarleiðtoga og tekur fast starfsfólk að fullu við verkefninu. Samræmt verklag milli stofnanna og samstarfsaðila þar sem stuðst verður markvist við þau verkfæri sem innleidd hafa verið verður þannig sjálfbært.

Lokaafurð verkefnisins, heildstæð verklagshandbók tryggir að nýtt starfsfólk fái markvissa þjálfun við ráðningu. Þverfaglegur stýrihópur með aðkomu skóla, velferðarsviðs, FAS, HSU og samfélagslögreglu mun funda áfram reglulega til að rýna atvik og viðhalda samræmdu verklagi um farsæld barna.

Kynning á niðurstöðum

já stefnt er að því að kynna niðurstöður verkefnisins í lok þesss. Hægt er að gefa út skýrslu eða halda opna kynningu á Höfn fyrir starfsfólk, foreldra og samfélagið. Verkefnið og staða þess verða reglulega kynnt í fastanefndum og bæjarráði.

Meginlokaafurðin, rafræn verklagshandbók um forvarnir, verður gerð aðgengileg öllum sveitarfélögum á landinu, með sérstaka skírskotun til forvarnar vinnu og samræms verklags í fámennari samfélögum.

Fagþekking verkefnateymis

Verkefnateymið byggi yfir víðtækri þverfaglegri reynslu af málefnum barna og ungmenna. Sviðsstjóri velferðarsviðs og fræðslu- og frístundasviðs leiða verkefnið í nánu samstarfi við skólastjórnendur (grunnskóla, leikskóla, Kátakot, Þrykkjuna og FAS) sem hafa áralanga reynslu af skólaþróun og innleiðingu verkefna svo sem Heillaspora og Vináttu. Innan barnaverndarþjónustunnar er til staðar sérþekking og reynsla af beitingu Signs of Safety og málstjórn farsældar.

Samfélagslögreglan leggur til sérhæfingu í forvörnum, ungmennasamskiptum og stafrænu öryggi, og fagfólk HSU býr yfir reynslu í skólahjúkrun og geðrækt. Teymið gæti auk þess notið handleiðslu frá HÍ, KVAN, MMS og/eða öðrum sérfræingum.

Reglur og ferlar

Starfsemi allra samstarfsaðila lýtur lögum nr. 86/2021 um farsæld barna og barnaverndarlögum nr. 80/2002. Í skólum og frístund eru virkar viðbragðsáætlanir vegna eineltis, slysa og áfalla, ásamt skráningu óæskilegra atvika.

Við meðferð persónuupplýsinga er fylgt lögum nr. 90/2018 og ströngum trúnaðarreglum; verkefnisgögn og tölfræði eru aðgreind frá málaskrám barna. Í málum þar sem þörf er á sértækum stuðningi er unnið eftir gagnreyndu verklagi Signs of Safety þar sem formlegar öryggisáætlanir eru mótaðar í samvinnu við forráðamenn og barnið sjálft.

Sundurliðuð kostnaðaráætlun

Heildarkostnaður er 20.400.000 kr. (Styrkur 15.200.000 kr. / Eigið framlag 5.200.000 kr.):

Innleiðingarleiðtogi (50% í 24 mán.): 13.104.000 kr. (Styrkur 8.904.000 kr. / Eigið 4.200.000 kr.)
Þjálfun, vinnustofur og handleiðsla (HÍ/KVAN): 3.600.000 kr.
Ferðir og gisting fagaðila á Höfn: 900.000 kr.
Fræðsluefni, réttindi og aðgengi/túlkun: 800.000 kr.
Sérvinnsla gagna úr Íslensku æskulýðsrannsókninni: 500.000 kr.
Vinnutími starfsfólks og samráð: 1.500.000 kr. (Styrkur 500.000 kr. / Eigið 1.000.000

Sundurliðuð kostnaðaráæltun

Skila þarf sundurliðaðri kosntaðaráælun með umsókn. Áætlunina þaf að fylla út í Excel-skjal sem er sótt hér að neðan. Útfyllt skjal skal senda sem viðhengi með umsókn.

- Sækja Excel-skjal

Fylgiskjöl til stuðnings umsóknar

Fylgiskjal 1	Kostnadar_og_fjarhagsaaetlun_Farsaeldarstyrkir SVF_sept2026.xlsx
Fylgiskjal 2	Styrkumsókn -Örugg saman í Hornafirði.docx
Fylgiskjal 3	